

**Sp.**

**441. Nefndarálit**

**[1. mál]**

um till til þál. um ráðstafanir til fjáröflunar fyrir byggingarsjóð ríkisins.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt tillöguna nokkrum sinnum, en ekki hefur hún fengið afgreidd fyrr en nú, er meiri hlutinn, þ. e. stuðningsmenn stjórnarinnar, hefur kveðið upp úr með það, að hann vilji láta vísa tillögunni til stjórnarinnar. — Á það gat ég sízt af öllu fallizt, og hefur því nefndin klofnað um afgreiðslu tillögunnar. Ég legg til, að tillagan verði samþykkt.

Tillaga þessi um ráðstafanir til fjáröflunar fyrir byggingarsjóð ríkisins er á þingskjali 1, og er hún þannig fyrsta málið, sem lagt var fyrir þetta þing á fyrsta degi þess, þann 20. nóv. 1959. — Þannig hefur tillagan nú eftir fáeina daga legið 7 mánuði í meðförum þingsins.

Fjárbörf byggingarsjóðs ríkisins var mikil og brýn á s. l. hausti, þegar tillagan var flutt. En nú liggja fyrir áreiðanlegar upplýsingar um það, að fjárbörf húsnæðismálastofnunarinnar hefur stóraukizt síðan.

Það, sem síðan hefur gerzt, að því er snertir fjárútvegum til húsnæðismálanna, er þetta helzt:

1. Ríkisstjórnin fékk 15 millj. kr. bráðabirgðalán hjá seðlabankanum. En lán þetta átti að greiðast af tekjum byggingarsjóðs á árinu. Þetta var því sýndar-ráðstöfun ein og hefur ekki aukið fjárráð stofnunarinnar um eina einustu krónu á þessu ári.

2. Snemma í vetur lofaði ríkisstjórnin að útvega húsnæðismálastofnuninni 40 millj. kr., og skyldi sú upphæð vera umfram árstekjur stofnunarinnar.

En mánuður leið eftir mánuð, og ekki var loforðið efnt. Og þó að nú sé komið fram í miðjan maí, hefur loforðið um útvegum 40 milljónanna ekki enn þá verið efnt.

En segjum, að það verði samt efnt einhvern tíma á árinu. Og er fjárhag húsnæðismálastofnunar ríkisins þá ekki borgið?

Nei, svo sannarlega ekki. Því fer í rauninni fjarri, að svo sé.

Frá því hefur verið skýrt, að seðlabankinn muni útvega 25 millj. af þessum 40. Hafa nú verið gefnar vonir um, að 12.5 millj. greiðist í þessum eða næsta mánuði og síðari helmingur upphæðarinnar einhvern tíma á seinni hluta ársins. Þær 15 millj., sem þá eru eftir, mun ætlunin að fá hjá bönkum þeim og sparisjóðum, sem veitt hafa bráðabirgðalán til húsnæðismála út á væntanleg lán frá húsnæðismálastofnun ríkisins. Er hætt við, að mjög verði erfitt að fá slík bráðabirgðalán framvegis hjá bönkum og sparisjóðum, þegar þessar lánsfjárupphæðir verða nú festar til langs tíma. Verður því að teljast mjög vafasamt, að þessi ráðstöfun ríkisstjórnarinnar komi að nokkru verulegu liði fyrir húsnæðingendur. En að svo miklu leyti sem breyting víxillána í föst lán kann að verða einhverjum til hagræðis, þá er hitt vist, að hún er líkleg til að loka leiðum fyrir öðrum um útvegum bráðabirgðalána til húsnæðismála á næstunni, og er það illa farið.

En hver er þá aðkallandi fjárbörf húsnæðismálastofnunarinnar nú?

Þann 1. apríl s. l. voru skýrslur hjá húsnæðismálastofnuninni um 965 fókheldar íbúðir, sem nú þegar eiga fullan rétt á lánum, en hafa ekkert byrjunarlán fengið. Til þess að fullnægja þeim umsóknum með 100 þús. kr. lánum þarf 96 millj. og 500 þús. kr. Þá eru einnig hjá stofnuninni 495 umsóknir, sem aðeins hefur verið fullnægt að litlu leyti eða að jafnaði með ca. 35000 kr. byrjunarláni. Til þess að hver þessara lánbeiðenda fengi 100000 kr. lán, vantar stofnunina 32 millj. 175 þús. kr. Þá eru enn fremur hjá stofnuninni 217 umsóknir, sem afgreiddar hafa verið með 70000 kr. byrjunarlánum. Til þess að hver þeirra gæti fengið 30000 kr. viðbótarlán, vantar húsnæðismálastofnunina 6 millj. 510 þús. kr.

Þannig vantaði húsnæðismálastofnunina 1. apríl s. l. 135 millj. og 185 þús. kr. til þess að geta fullnægt þeim lánsúmsóknum, sem þann dag áttu fullan rétt til lána. En með þessu er þó ekki öll sagan sögð.

Auk allra þeirra umsókna, sem þegar hafa verið nefndar, liggja enn fremur 165 umsóknir um íbúðalán hjá stofnuninni vegna húsa, sem búast má við að verði fókheld í þessum og næsta mánuði og eigi þá fullan rétt til lána. Til þess að fullnægja þeim þarf húsnæðismálastofnunin 16.5 millj. kr. Samtals vantar því húsnæðismálastofnun ríkisins 151 millj. 685 þús. kr. vegna 1842 íbúða í smíðum. — Hér eru ekki með taldar 127 umsóknir, sem hjá stofnuninni liggja og taldar eru ófullkomnar á ýmsan hátt. Er ekki að efa, að verulegur hluti þeirra mun reynast fullnægjandi, þegar umsækjendum hefur gefizt kostur á að veita viðbótarupplýsingar. En látum þær liggja óbættar hjá garði ásamt þeim hundruðum lánsúmsókna, sem vafalaust eiga eftir að berast á seinni helmingi þessa árs.

Af föstum tekjum húsnæðismálastofnunarinnar á árinu 1960 eru eftir í mesta lagi 25 millj. Þar við bætast væntanlega aðrar 25 millj. samkvæmt fyrirheiti ríkisstjórnarinnar. Þetta eru 50 millj. Hins vegar legg ég ekkert upp úr loforðinu um að breyta 15 millj. kr. víxillánum í föst lán til lengri tíma.

Þannig vantar þá húsnæðismálastofnun ríkisins um 100 millj. kr. til þess að gera nokkurn veginn hreint borð, miðað við þær umsóknir, sem rétt eiga á lánum nú á miðju ári 1960. En þá er hins vegar reiknað með öllum föstum tekjum stofnunarinnar á þessu ári og gefnum fyrirheitum ríkisstjórnar um viðbótarfjármagn.

Tillaga mín á þingskjali 1 er um 100 millj. kr. viðbótarfjáröflun til byggingarsjóðs ríkisins og hef ég nú rökstutt að þeirrar fjárhagsaðstoðar við húsnæðismálin sé fyllilega þörf.

Þess vegna legg ég til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 11. maí 1960.

Hannibal Valdimarsson.